

Mál nr. 287/2025

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Kaskótrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækis (A)

Samsömun.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 14. ágúst 2025 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 19. september 2025 ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 26. september 2025 ásamt fylgiskjali.
4. Viðbótarathugasemdir V dags. 13. október 2025.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirbyggjandi lögregluskýrslu dags. 7. maí 2025, hafnaði bifreiðin A utan vegar við Miðhúsabraut við Naustagil á Akureyri að morgni hins 1. maí s.á. A er í eigu fyrirtækisins M. Í bifreiðinni voru X, Y, Z og Þ og reyndist Y hafa ekið henni umrætt sinn. Í ljós kom að Y var töluvert ölvður við aksturinn og reyndist áfengismagn í blóði hans vera 1,71 prómill, en auk þess greindi vitnið Þ frá því að ökuhraði A hefði verið talsvert umfram löglegan hámarkshraða í aðdraganda slyssins. Á grundvelli þessa hafnaði V bótaskyldu úr kaskótryggingu A þar sem Y, sem M yrði samsamað með, hefði sýnt af sér stórkostlegt gáleysi sbr. 2. mgr. 27. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

Í málskoti kemur fram að ekki séu gerðar athugasemdir við þá afstöðu að um stórkostlegt gáleysi hafi verið að ræða en hins vegar verði ekki fallist á að M verði samsamað með Y. Y hafi hvorki verið starfsmaður M né tengst því á nokkurn hátt. Hann hafi ekið bifreiðinni án vilja og vitundar M, og X, starfsmaður M sem umrætt sinn hafi farið með umráð A, hafi enga heimild haft til að fela Y stjórn hennar. Samræmist það ekki 3. mgr. 29. gr. laga um vátryggingarsamninga, eins og það ákvæði verði túlkað með hliðsjón af lögskýringargögnum, að beita samsömun í þessu tilviki. Skilmálaákvæði V, um að í atvinnurekstri geti V borið fyrir sig háttsemi stjórnanda ökutækis verði þá einnig að túlka til samræmis við fyrrgreint lagaákvæði. Gerir M því kröfu um fullar bætur úr kaskótryggingu A.

Í bréfi V til nefndarinnar er nánar fjallað um atvik málsins og tekið fram að ágreiningur aðila snúi aðeins að því hvort samsömun sé heimil, en ekki sé um það deilt hvort tjóninu hafi verið valdið af stórkostlegu gáleysi. Vísar V til þess að samkvæmt heimild í 3. mgr. 29. gr. laga um vátryggingarsamninga komi fram í gr. 9.2 í skilmálum kaskótryggingar að tengist vátrygging atvinnurekstri geti V borið fyrir sig háttsemi stjórnanda hins tryggða ökutækis. Telji V þetta ákvæði sé bæði skýrt og sanngjarnt til samræmis við áskilnað laganna og önnur niðurstaða verði ekki byggð á ónákvæmu orðalagi í lögskýringargögnum með frumvarpi til laga um vátryggingarsamninga. Hljóti þannig að teljast eðlilegt og sanngjarnt að beita samsömun þegar ökumaður, þ.e. Y, hafi stjórnað ökutækinu með samþykki umráðamanns þess og starfsmanns M, þ.e. X. Telji V að heimilt sé að semja um að vátryggður glati rétti sínum til bóta í heild eða að hluta vegna háttsemi Y.

Verði ekki fallist á þá afstöðu telur V eftir sem áður að heimild til samsömunar sé fyrir hendi. Fyrir liggi að X, sem hafi verið umráðamaður A, hafi falið Y stjórn hennar þrátt fyrir að Y hafi verið undir slíkum áfengisáhrifum að honum hafi ekki getað dulist þau. Með því að fela Y stjórn bifreiðarinnar hafi X því valdið tjóni af stórkostlegu gáleysi. Er vísað til þess að á grundvelli gr. 9.1 í skilmálum vátryggingarinnar sé heimilt að bera fyrir sig háttsemi þessa aðila sem með samþykki eiganda er ábyrgur fyrir hinu vátryggða ökutæki. Það ákvæði byggir á a-lið 2. mgr. 29. gr. laga um vátryggingarsamninga. Sé á grundvelli þessa heimilt að samsama M með háttsemi X sem leiði til brottfalls bótaréttar úr kaskótryggingu A.

Í viðbótarathugasemdum M kemur fram að X hafi ekki haft óskert eða varanleg afnot af A, heldur hafi hann stundum nýtt A til sýninga og prófana. Umrætt sinn hafi hann farið til Akureyrar á A í þeim tilgangi að sýna bifreiðina en hafi jafnframt fengið heimild yfirmanns til að nýta bifreiðina í ákveðnum einkaerindum að því loknu. X hafi ekki haft neitt umboð til að samþykkja að annar aðili stjórnaði A og

hafi X og Y báðum mátt vera það ljóst. Geti M því ekki orðið skuldbundið af þeirri háttsemi X að hafa falið Y akstur A né verði það samsamað með háttsemi Y.

Hvað varði tilvísun V til skilmálaákvæðis 9.1 og a-liðar 2. mgr. 29. gr. laga um váttryggingarsamninga þá virðist þar aðeins um að ræða heimild til samsömunar í váttryggingum sem ekki tengjast atvinnurekstri. Því sé þá alfarið hafnað að þeim skilyrðum sem þar komi fram fyrir samsömun sé fullnægt. Þannig hafi X ekki haft slík umráð yfir bifreiðinni að samsömun sé tæk. Hafi heldur ekki verið sýnt fram á að X, sem þess utan hafði ekki heimild til að fela Y umráð bifreiðarinnar, sé ábyrgður fyrir því tjóni sem varð.

Í viðbótarathugasemdum V er m.a. vísað til álits nefndarinnar í máli nr. 68/2017 hvað varðar mat á því hvenær umráð teljist varanleg. Fyrir liggir að M hafi haft bifreiðina að láni í a.m.k. fjögurra daga skemmtiferð, og af framangreindu áleti megi einnig ráða að í því hafi falist heimild til að lána þriðja aðila bifreiðina og að slíkt leiði þá til samsömunar milli þess aðila og eiganda hennar. M hafi þá engin gögn lagt fram fyrir þeirri fullyrðingu að um vinnuferð hafi verið að ræða. Sé heimild til samsömunar skýr hvað varði háttsemi Y eða eftir atvikum þeirri háttsemi X að fela ölvuðum öikumanni stjórn A. Er því þá hafnað að 2. mgr. 29. gr. laga um váttryggingarsamninga eigi ekki við um váttryggingar sem tengjast atvinnurekstri, enda sé þar um almenna heimild til samsömunar að ræða.

Álit.

Rétt er að taka fyrst til skoðunar hvort M verði samsamað við háttsemi Y, þ.e. stjórnanda A, á grundvelli 3. mgr. 29. gr. laga um váttryggingarsamninga en hún er svohljóðandi: „Í váttryggingum sem tengjast atvinnustarfsemi má, með þeim takmörkunum sem leiðir af 1. mgr. 41. gr., semja um að váttryggður geti glatað rétti sínum til bóta í heild eða að hluta vegna háttsemi nánar tilgreindra manna eða hópa.“ Í athugasemdum með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga segir nánar um þessa heimild: „Í 3. mgr. er regla sem tekur til heimilda félagsins til þess að semja um samsömun í váttryggingum tengdum atvinnurekstri. Meginreglan í þeim váttryggingum er sú að ekki skuli vera um samsömun að ræða nema um það sé sérstaklega samið í váttryggingarsamningi. Heimildum félagsins til slíkra samninga eru ekki sett önnur takmörk en þau sem leiða af kröfum um sanngirni. Það verður því að ætla að sá sem samsamaður er váttryggður hafi þá stöðu í atvinnurekstrinum að sanngjarnt sé að beita samsömun. Við sanngirnismatið yrði m.a. að líta til umfangs atvinnustarfseminnar og sérstakrar þarfar félagsins fyrir að takmarka ábyrgð sína.“ Virðist framangreint ákvæði því byggt á sambærilegum grunni og regla skaðabótaréttar um svokallaða húsbónda- eða vinnuveitandaábyrgð. Í skilmálum V vegna kaskótryggingar A er sérstaklega samið um það í gr. 9.2 að „Í atvinnurekstri geti V borið fyrir sig háttsemi stjórnenda hins tryggða og stjórnanda hins tryggða ökutækis.“ Samkvæmt orðanna hljóðan nær því heimild V til samsömunar til háttsemi hvers þess sem fer með stjórn bifreiðarinnar, óháð því hvort það er með heimild váttryggingartaka eður ei. Á grundvelli þess sem í ákvæðinu kemur fram um að um sé að ræða „háttsemi nánar tilgreindra manna eða hópa“ svo og þess sem segir í lögskýringargögnum um að ætla verði að sá sem er samsamaður váttryggður hafi tiltekna stöðu í atvinnurekstrinum verður að telja að slík beiting ákvæðisins sé ekki tæk, enda tæki það þá jafnframt til þeirra tilvika þegar bifreið sem nýtt er í atvinnurekstri er tekin ófrjálstri hendi. Er það því mat nefndarinnar að umrætt ákvæði skilmálanna feli í sér fullrúma heimild til samsömunar sé höfð hliðsjón af umræddu lagaákvæði og lögskýringargögnum þess og verði að lágmarki að gera ráð fyrir því að stjórnandi ökutækis stýri því með vitneskju og heimild váttryggingartaka, eða í öllu falli þess sem fer með varanleg umráð þess, en um það verður nánar fjallað hér á eftir, svo sanngjarnt geti talist að beita samsömun.

Fyrir liggur, og um það er ekki deilt, að Y var ekki stjórnandi eða starfsmaður M og hafði því ekki neina stöðu innan atvinnureksturs þess né var M kunnugt um að honum hefði verið falin stjórn bifreiðarinnar. Túlkun umrædds skilmálaákvæðis verður að vera til samræmis við fyrrgreint lagaákvæði og lögskýringargögn þess og verður því með hliðsjón af öllu framangreindu að telja að samsömun á grundvelli þess sé ótæk eins og málum hér er háttað.

Nefndin telur að tilvísun V til dóma Landsréttar í málum nr. 127/2018 og 5/2023 breyti ekki framangreindu. Í þeim málum verður ekki annað séð en að stjórnendur ökutækja hafi tekið að sér ákveðinn starfa í þágu váttryggðra sem verktakar og því stýrt tækjunum með vitneskju þeirra og samþykki. Því hafi verið slík tengsl milli aðila að samsömun á grundvelli 3. mgr. 29. gr. laga um váttryggingarsamninga, sbr. fyrri umfjöllun um hana, hafi verið tæk. Nefndin fær þá ekki séð að dómstólar hafi tekið afstöðu til þess álítaefnis sem hér er uppi, þ.e. þegar stjórnandi ökutækis sem tengist atvinnurekstri er eiganda þess óviðkomandi.

Kemur þá til skoðunar hvort M verði samsamað við þá háttsemi X að fela Y stjórn A. Byggir V í þeim efnum á gr. 9.1 í skilmálum kaskótryggingar A en hún er svohljóðandi: „*V er heimilt að bera fyrir sig háttsemi aðila sem með samþykki skráðs eiganda eða umráðamanns er ábyrgur fyrir hinu tryggða ökutæki.*“ Er umrætt skilmálaákvæði sett fram samkvæmt heimild a.-liðar 2. mgr. 29. gr. laga um vátryggingarsamninga þar sem fram kemur að þrátt fyrir almennt bann við samsömun vátryggðs við tengda aðila þegar um er að ræða vátryggingar sem ekki tengjast atvinnustarfsemi megi, við vátryggingu m.a. ökutækja, vátryggingafélag bera fyrir sig háttsemi þess sem með samþykki vátryggðs er ábyrgur fyrir hinu vátryggða. Af samhengi og staðsetningu þessa ákvæðis má ráða að það eigi aðeins við um vátryggingar neytenda, en ekki þær sem tengjast atvinnurekstri, og má jafnframt ráða þá ætlan af orðalagi í greinargerð með frumvarpi því sem varð að lögum um vátryggingarsamninga. Verður hins vegar að telja að V sé heimilt að beita umræddu skilmálaákvæði þegar um vátryggingar í atvinnurekstri er að ræða, enda rúmast beiting þess innan þeirrar heimildar sem finna má í 3. mgr. 29. gr. laganna, og ekki kemur fram í skilmálaákvæðinu að það einskorðist við tryggingar einstaklinga.

Kemur því til skoðunar hvort samsömun geti grundvallast á því ákvæði. Samkvæmt V byggir það á og er til samræmis við a.-lið 2. mgr. 29. gr. laga um vátryggingarsamninga og því þurfi umráð X yfir A að hafa verið með nokkuð varanlegum hætti samkvæmt því sem segir í athugasemdum með frumvarpi því sem varð að lögum um vátryggingarsamninga. Þar segir nánar um slík umráð: „*Hér þarf að koma til að vátryggður hafi meðvitað afhent umráð og vörslur hins vátryggða með nokkuð varanlegum hætti. Ekki mundi nægjanlegt að hið vátryggða yrði lánað í skamman tíma með venjulegum hætti, og ekki yrði talið nægjanlegt þótt um varanlega heimild til afnota væri að ræða ef vátryggður annast um eða rekur hið vátryggða.*“ Ekkert liggur fyrir um að umráðum X hafi verið hagað með þessum hætti, og verður raunar að telja ólíklegt þegar um vinnubifreið af þessu tagi er að ræða annað en að M annist um og reki hana. Rétt er hér að áréttta að samsömun er undantekning frá þeirri meginreglu í vátryggingarétti að almennt sé óheimilt að samsama vátryggðum með háttsemi annarra aðila og hvílir það því á V að sýna fram á að skilyrði fyrir frávik frá meginreglunni séu fyrir hendi. Vísast til úrskurða nefndarinnar í málum 383/2021, 8/2023 og 183/2024 varðandi framangreint en í öllum framangreindum málum var því hafnað að umráð stjórnanda ökutækis hafi verið slík að samsömun kæmi til álita.

Þegar af þeirri ástæðu þykir samsömun á grundvelli a.-liðar 2. mgr. 29. gr. laga um vátryggingarsamninga ekki koma til álita. Er þá óþarft að fjalla frekar um það hvort ábyrgð á tjóni sem verður vegna ölvunar ökumanns geti verið felld á farþega viðkomandi ökutækis, þannig að sú háttsemi að fela ölvuðum ökumanni stjórn ökutækis teljist hafa beinlínis valdið tjóni við akstur þess.

Samkvæmt öllu framansögðu verður því ekki séð að heimild til samsömunar sé fyrir hendi.

Niðurstaða.

M á óskertan rétt til bóta úr kaskótryggingu A hjá V.

Reykjavík, 28. október 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir